

Nefndasvið Alþingis,
Austrustræti 8-10

150 Reykjavík.

Reykjavík, 07. maí 2001

Alþingi
Erindi nr. Þ 126/2415
komudagur 7.5.2001

Efni: Umsögn Félags rekstrar og iðnrekstrarfræðinga um frumvarp til laga um rétt til að kalla sig viðskipta og hagfræðinga, 484. Mál, réttur til starfsheitis o.fl.

Félag rekstrar og iðnrekstrafræðinga *fri* (félag nemenda sem útskrifaðir eru frá viðskiptadeildum Tækniskóla Íslands, Viðskiptaháskólans á Bifröst og Háskólans á Akureyri), lýsir yfir ánægju með frumvarp til laga sem fjallar um breytingar á lögum um rétt til að kalla sig viðskiptafræðing eða hagfræðinga, mál 484, réttur til starfsheitis o. fl..

Lögin eins og þau eru, urðu að mati félasmanna *fri* barns síns tíma um leið og háskólum fjölgaði sem útskrifuðu nemendur með viðurkenndar prófagráður BS eða cand. oecon í viðskiptafræðum. Og hefur óánægja stöðugt farið vaxandi meðal útskrifaðra nemenda og nema sem hyggjast ljúka þessum prófagráðum frá öðrum háskólum en Háslóla Íslands þannig að þessu er jafnað við brot á jafnræðislögum.

Hér getur verið um hreint hagsmunamál að ræða. Þar sem fólk sem vinnur sömu störfun hjá ríki og bæ hefur ekki setið að sama borði í kjaramálum því þeir sem eru útskrifaðir frá öðrum háskólum en Háskóla Íslands lenda í stéttarfélagi SFR og getur launamunur milli þessara einstaklinga verið tilfínanlegur.

Til áréttingar vill félagið taka fram að í þeirri umræðu sem farið hefur fram í þessu máli hefur nafn Tækniskóla Íslands ekki komið fram og af þeim sökum var ekki leitað til skólans til umsagnar í þessu máli en skólinn hefur útskrifað fjölda nemenda með áður nefndar prófagráður. Fyrirverandi og núverandi nemendur lýsa yfir óánægju sinni hvað þetta varðar og óska eftir bót á þessu.

Í greinagerð sem fylgir breytingu á frumvarpinu er lagt til að lögin taki gildi frá og með 1. júní 2001 þannig að þeir nemendur sem ljúka ofangreindum prófagráðum í vor úr öðrum háskólum en frá Háskóla Íslands geti öðlast réttindi til jafns við nemendur Háskóla Íslands. Við þetta viljum við bæta að tekið verði fram að þeir nemendur sem nú þegar hafa lokið áður nefndum prófagráðum frá öðrum háskólum en Háskóla Íslands öðlist þessi réttindi um leið og lögin taka gildi.

F.h. Félags rekstrar og iðnrekstrarfræðinga

Elísabet Gísladóttir
Formaður

Skjalið verður sent í pósti